

Fundur í stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, haldinn í síma, miðvikudaginn 10. apríl 2013 11.00.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson.

Dagskrá.

1. Ráðning verkefnastjóra BsVest.

Samkvæmt samþykkt stjórnarfundar 4. apríl 2013 var framkvæmdastjóra falið að leita álits Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi umsækjendur um starf verkefnastjóra.

Framkvæmdastjóri kynnti að Sambandið gæfi ekki slík álit. Rætt um efni máls og samþykkt að fela framkvæmdastjóra að leita álits ráðningarstofu á umsækjendum á grundvelli auglýsingar.

Fundi slitið kl 11.30.